



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning fimleikadeildar Gróttu fyrir árið 2015. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2015 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn fimleikadeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Alfpórsson



Áritun stjórnar

Stjórn fimleikadeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Sigurður Örn Jónsson

María Björg Magnúsdóttir

Harpa Hlíf Bárðardóttir

Póra Guðrún Jónsdóttir

Elísabet Holt

Anna Jónsdóttir



Skýrsla stjórnar Fimleikadeild Gróttu 2015

Ný stjórn fimleikadeildarinnar var kosin á seinasta aðalfundi. Hana skipuðu Sigurður Örn Jónsson formaður, María Björg Magnúsdóttir varaformaður, Harpa Bárðardóttir gjaldkeri, Þóra Guðrún Jónsdóttir meðstjórnandi, Jenný Steinarsdóttir meðstjórnandi. Jenný ákvað síðan að hætta og fengum við Ellu Holt inn fyrir hana sem meðstjórnanda. Anna Jónsdóttir hélt áfram sem varamaður.

Stjórnarfundir voru haldnir einu sinni í mánuði nema í júlí.

Fjárhagur

Stjórnin hefur þetta ár sem áður lagt ríka áherslu á fjáraflanir af ýmsum toga. Deildin hefur ávalt nýtt sér sína mánuði í dósasöfnunum og hefur að auki selt inná sýningar og mót og verið með kaffisölu þar.

Gjaldskrár deildarinnar var hækkuð lítillega til að standa undir rekstrinum. Passað var þó uppá að fara ekki upp fyrir miðgildi tímagjalda annarra félaga.

Rekstartekjur voru kr 58.794.821

Rekstrargjöld voru kr 55.623.221

Hagnaður án fjármagnsliða kr 3.171.600

Hagnaður tímabilsins var kr 3.235.299

Fjárhagsstaða deildarinnar er því mjög góð.

Áhöld

Deildin fékk nýverið styrk frá Seltjarnarnesbæ um kaup á dýnum undir tví- og jafnvægisslár inn í fimleikasalnum. Dýurnar eru væntanlegar núna í apríl og munu breyta miklu fyrir iðkendur þar sem nú verður gólfflöturinn ein stór dýna í staðin fyrir að vera með margar dýnur sem passa illa saman. Þetta mun auka öryggi iðkenda mjög mikið.

Almennt

Mikil fækkun hefur verið í deildinni á síðasta ári. Í dag eru rúmlega 400 iðkendur sem er töluvert færri en á sama tíma í fyrra. Þetta er áhyggjuefni þar sem fimleikar eru í dag þriðja fjölmennasta íþróttin á Íslandi og er íþróttin að vaxa mjög hratt í öðrum félögum.

Þegar við skoðum hvers vegna þessi fækkun á sér stað þá er skýringin mjög skýr. Aðstaðan er langt frá því að vera ásættanleg.

Fimleikadeild Gróttu hefur dregist langt á eftir öðrum fimleikafélögum á höfuðborgarsvæðinu varðandi aðstöðu. Okkur hefur reynst erfitt að fá til okkar innlenda þjálfara til að þjálfra elstu iðkendur þar sem þeir vilja ekki vinna í þeim aðstæðum sem félagið býður upp á. Við þurfum því að leita að erlendum þjálfurum með tilheyrandi kostnaði og erfiðleikum sem því geta fylgt.

Sem dæmi um aðstöðuleysið þá keypti deildin hóp fimleikagólf árið 2014 sem er geymt inn í áhaldageymslu í græna salnum. Gólfíð er farið að láta á sjá þar sem sífellt er verið að setja það upp og taka saman aftur.

Stjórnin og allir þjálfarar hafa miklar áhyggjur af því að ekkert hefur gerst í húsnæðismálum síðustu 10 ár eða svo.

Teikningar liggja fyrir að stækkun á íþróttamiðstöðunni.

En ekki er gert ráð fyrir hvert fimleikadeildin eigi að fara á meðan byggartíma stendur sem verða nokkrir mánuðir. Að mati stjórnar er ekki ásættanlegt að leggja niður starf deildarinnar í x langan tíma.

Ekki er heldur gert ráð fyrir þeim bílastæðisvandamálum eða þeim vandamálum sem tengjast aðgengi að húsinu í teikningunni því með betri aðstöðu munum við geta tekið á mótí fleiri iðkendum.

Stjórn fimleikadeildarinnar hefur því kastað fram nýjum hugmyndum um að byggja fimleikahús út í Örfirisey. Húsið væri í eigu þriðja aðila og myndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes leigja aðstöðuna. Rætt hefur verið við fjárfesta og byggingaraðila sem eru tilbúinir í verkið. Þessi lausn myndi kosta minna fyrir bæði sveitarfélögin.

Árangur síðast árs á mótum

Við erum ánægð með árangur síðasta árs. Nánari útlistun á honum er í viðauka 1. En til að stikla á stóru í áhaldafimleikunum þá var það svo að:

- 11 iðkendur náðu 5. þrepi.
- 10 iðkendur náðu 4. þrepi.
- 1 iðkandi náði 3. þrepi.
- 2 iðkendur náðu 2. þrepi.
- 1 iðkandi náði 1. þrepi.

Að lokum

Stjórn fimleikadeildarinnar vill þakka öllum þeim sem hafa á einn eða annan hátt komið að starfi deildarinnar þetta árið kærlega fyrir. Að öllum ólöstuðum þá fær Kristín Finnbogadóttir sérstakar þakkir fyrir endalausá hjálp, jákvæðni og velvilja.

Við viljum taka fram að ef aðstaðan verður ekki bætt þá munu hóp fimleikar leggjast af eftir stuttan tíma. Einnig sjáum við ekki fram á að eiga keppnishóp í efstu þrepum þegar núverandi meistarahópur hættir.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Sigurður Örn Jónsson
Formaður fimleikadeildar Gróttu

Viðauki 1

Íslandsmót í áhaldafimleikum 2015:

Nanna Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari unglunga annað árið í röð. Nanna keppti til úrslita á öllum áhöldum og varð einnig Íslandsmeistari á stökki og gólfi og fékk brons á slá.

Íslandsmót í þrepum 2015:

Ragnheiður Uglya Gautsdóttir varð Íslandsmeistari í 5. þrepi. Hildur Arnaldsdóttir sigraði í 5. þrepi 12 ára og eldri, Teresa Nukun Steingrímsdóttir sigraði í 4. þrepi 12 ára, Bríet Bjarnadóttir sigraði í 3. þrepi 12 ára, Katrín Aradóttir sigraði í 3. þrepi 11 ára og Sunna Kristín Gísladóttir varð í 2. sæti í 2. þrepi 12 ára og yngri.

Mílanó Meistaramót FSÍ 2015:

Nanna Guðmundsdóttir sigraði á gólfi í unglungaflokki. Í stúlknaflokki varð Sunna Kristín Gísladóttir í 2. sæti á stökki og Laufey Birna Jóhannsdóttir í 3. sæti á gólfi. Stigameistarar FSÍ voru krýndir á Mílanó Meistaramótinu sem að var síðasta FSÍ mótið á keppnistímabilinu 2014-2015. Nanna Guðmundsdóttir varð Stigameistari FSÍ í unglungaflokki kvenna. Verðlaunin voru veitt fyrir samanlögð fjölþrautarstig á þremur FSÍ mótum á keppnistímabilinu (Bikarmót, Íslandsmót og Mílanómeistaramót.

Bikarmót í Stökkfimi 2015:

Gróttta varð bikarmeistari í flokki 15-16 ára B, í liðinu voru þær Guðný Sif Sverrisdóttir, Hanna Guðrún Sverrisdóttir, Hrafnhildur Helga Þórisdóttir, Selma Björk Almarsdóttir og Þóra Lucrezia Bettaglio.

Þeir sem að náðu þrepi á keppnistímabilinu 2014-2015:

1. þrep: Elín Birna Hallgrímsdóttir.
2. þrep: Laufey Birna Jóhannsdóttir, Sóley Guðmundsdóttir, Sunna Kristín Gísladóttir og Þórunn Anna Almarsdóttir.
3. þrep: Bríet Bjarnadóttir, Fjóla Guðrún Viðarsdóttir og Katrín Aradóttir.
4. þrep: Ásta Hlíf Harðardóttir, Saga Óskarsdóttir, Selma Katrín Ragnarsdóttir, Silja Björk Ægisdóttir og Teresa Nukun Steingrímsdóttir.
5. þrep: Birna Kristín Einarsdóttir, Hanna María Hannesdóttir, Hildur Arnaldsdóttir, Ingibjörg Steinunn Einarsdóttir, Lilja Hugrún Pétursdóttir, Lýdía Líf Reynisdóttir, María Bjarkar Jónsdóttir, Ragnheiður Uglya Gautsdóttir, Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir, Sigurlína Sól Valþórsdóttir og Tanja Rut Rúnarsdóttir.

Landsliðsverkefni:

Nanna Guðmundsdóttir var valin í unglungalandslið Íslands fyrir Norðurlandamót og Eyof (Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar). Nanna varð í 3. sæti á stökki og gólfi á Norðurlandamótinu.

Úrvalshópar FSÍ:

Nanna Guðmundsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir voru valdar í úrvalshópa FSÍ 2015-2016, Nanna í fullorðinsflokk og Sóley í unglungaflokk.

Haustmót FSÍ 2015:

Gróttta var í 2. sæti í liðakeppni í 4. þrepi 12 ára og eldri. Hildur Arnaldsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut en hún varð í 1. sæti á tvíslá. Jóhanna Kolbrún Einarsdóttir varð í 3. sæti í fjölþraut en varð í 1. sæti á gólfi og 3. sæti á slá. Viktoría Ósk Kjærnested varð í 2. sæti á slá og 3. sæti á stökki og gólfi. Karólína Snót Georgsdóttir varð í 3. sæti á stökki.

Gróttta sigraði í liðakeppni í 5. þrepi 10 ára. Í 5. þrepi 10 ára varð Sara Gunnlaugsdóttir í 1. sæti í fjölþraut, hún var í 1. sæti á tvíslá og gólfi og 3. sæti á slá. Diljá Elíasdóttir varð í 1. sæti á slá.

Gróttta sigraði í liðakeppni 11 ára og eldri. Margrét Þurý Sveinsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut í 5. þrepi 11 ára og eldri, hún varð í 1. sæti á gólfi og 2. sæti á stökki. Bergdís Katla Birgisdóttir varð í 1. sæti á stökki og 2. sæti á gólfi.

Helena Sólrún Oddsdóttir Holt varð í 4. sæti í fjölþraut í 4. þrepi 11 ára en hún varð í 1. sæti á stökki og tvíslá. Hanna María Hannesdóttir var í 3. sæti á slá í 4. þrepi 11 ára.

Teresa Nukun Steingrimsdóttir varð í 3. sæti á tvíslá og gólfi í 3. þrepi 12 ára.

Sóley Guðmundsdóttir var í 2. sæti í fjölþraut í 1. þrepi 13 ára og yngri og hún varð í 2. sæti á gólfi. Katrín Aradóttir varð í 3. sæti í fjölþraut í 2. þrepi 12 ára og yngri en hún varð einnig í 2. sæti á gólfi.

Nanna Guðmundsdóttir keppti í frjálsum æfingum í unglingsaflokki og varð í 3. sæti á slá.

Prepamót FSÍ 2016

Í keppni í 4. þrepi 13 ára sigraði Hildur Arnaldsdóttir fjölþraut og fékk silfur á tvíslá og gólfi. Viktoría Ósk Kjærnested varð í öðru sæti í fjölþraut og fékk gull á stökki, slá og gólfi. Karólína Snót Georgsdóttir varð í fimmta sæti í fjölþraut og fékk brons á stökki, tvíslá og gólfi.

Í keppni í 5. þrepi 11 ára sigraði Diljá Elíasdóttir fjölþraut en hún fékk gull á bæði tvíslá og slá. Brynhildur Glúmsdóttir varð í fimmta sæti í fjölþraut og fékk silfur á slá og Margrét Lára fékk silfur á tvíslá. Í 5. þrepi 12 ára sigraði Arna Geirsdóttir fjölþraut og fékk hún gull á stökki og gólfi og silfur á slá og Bergdís Katla Birgisdóttir fékk silfur á gólfi.

Fjóla Guðrún varð í 2. sæti í fjölþraut, 3. sæti á stökki og í 1. sæti á tvíslá í 2. þrepi 13 ára og eldri. Katrín varð í 1. sæti í fjölþraut, á tvíslá og slá og í 2. sæti á gólfi í 2. þrepi 12 ára og yngri. Sóley varð í 3. sæti á stökki og slá í 1. þrepi 13 ára og yngri.

Bikarmót FSÍ 2016:

Gróttta varð í 3. sæti í 4. þrepi, í liðinu voru þær Birna Kristín Einarsdóttir, Helena Sólrún Oddsdóttir Holt, Hildur Arnaldsdóttir, Karólína Snót Georgsdóttir, Lilja Hugrún L. Pétursdóttir, Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir og Viktoría Ósk Kjærnested. Gróttta varð í 2. sæti í 5. þrepi, í liðinu voru þær Agnes Sólbjört Helgadóttir, Arna Geirsdóttir, Bergdís Katla Birgisdóttir, Brynhildur Glúmsdóttir, Freyja Hannesdóttir, Margrét Lára Jónsdóttir og Sara Gunnlaugsdóttir.

Þeir sem að náðu þrepi á keppnistímabilinu 2015-2016:

1. þrep: Sóley Guðmundsdóttir.

2. þrep: Fjóla Guðrún Viðarsdóttir og Katrín Aradóttir.

3. þrep Teresa Nukun Steingrimsdóttir.

4. þrep: Birna Kristín Einarsdóttir, Hanna María Hannesdóttir, Helena Sólrún Oddsdóttir Holt, Hildur Arnaldsdóttir, Jóhanna Kolbrún Einarsdóttir, Karólína Snót Georgsdóttir, Lilja Hugrún L. Pétursdóttir, Lydía Líf Reynisdóttir, Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir og Viktoría Ósk Kjærnested.

5. þrep: Agnes Sólbjört Helgadóttir, Arna Geirsdóttir, Bergdís Katla Birgisdóttir, Brynhildur Glúmsdóttir, Diljá Elíasdóttir, Freyja Hannesdóttir, Ísól Aradóttir, Margrét Lára Jónsdóttir, Sara Gunnlaugsdóttir, Sif Kvaran, Sigríður Jóna Sigurðardóttir.



Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Framlög og styrkir	3	19.132.216	23.216.108
Aðrar tekjur	4	<u>39.662.605</u>	<u>37.409.596</u>
		<u>58.794.821</u>	<u>60.625.704</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	20.648.900	23.857.091
Verktakagreiðslur þjálfara		14.216.506	10.416.925
Kostnaður v/erlendra þjálfara		4.881.966	4.418.003
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		8.900.000	12.000.000
Áhöld, tæki og búnaður		2.601.742	5.101.496
Þátttaka og kostnaður vegna móta		2.570.747	1.374.534
Annar kostnaður	6	<u>1.803.360</u>	<u>2.444.126</u>
		<u>55.623.221</u>	<u>59.612.175</u>
Rekstrarhagnaður		3.171.600	1.013.529
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		66.793	82.599
Vaxtagjöld		<u>(3.094)</u>	<u>(2.701)</u>
		<u>63.699</u>	<u>79.898</u>
Hagnaður ársins		<u>3.235.299</u>	<u>1.093.427</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		3.538.548	2.181.579
Handbært fé		<u>1.251.859</u>	<u>2.970.456</u>
Veltufjármunir samtals		<u>4.790.407</u>	<u>5.152.035</u>
Eignir samtals		<u>4.790.407</u>	<u>5.152.035</u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		40.152	(1.053.275)
Hagnaður (Tap) ársins		<u>3.235.299</u>	<u>1.093.427</u>
Eigið fé samtals 7		<u>3.275.451</u>	<u>40.152</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>1.514.956</u>	<u>5.111.883</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.514.956</u>	<u>5.111.883</u>
Skuldir samtals		<u>1.514.956</u>	<u>5.111.883</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.790.407</u>	<u>5.152.035</u>
-----------------------------	--	------------------	------------------



Sjóðstreymi 2015

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2015	2014
Hagnaður (Tap) ársins		3.235.299	1.093.427
Hreint veltufé frá rekstri		<u>3.235.299</u>	<u>1.093.427</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(1.356.969)	(1.977.411)
Skammtímaskuldir		<u>(3.596.927)</u>	<u>3.652.669</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(4.953.896)	1.675.258
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>(1.718.597)</u>	<u>2.768.685</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(1.718.597)	2.768.685
Handbært fé í ársbyrjun		2.970.456	201.771
Handbært fé í árslok		<u>1.251.859</u>	<u>2.970.456</u>



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Fimleikadeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Húsaleigustyrkir	8.900.000	12.000.000
Rekstrarstyrkur	7.985.900	7.965.000
Ýmis fyrirtæki	926.418	1.686.964
Aðrir styrkir og tekjur	<u>1.319.898</u>	<u>1.564.144</u>
	<u>19.132.216</u>	<u>23.216.108</u>

4. Aðrar tekjur

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Æfingagjöld	37.715.312	34.613.755
Tekjur af mótum o.fl.	<u>1.947.293</u>	<u>2.795.841</u>
	<u>39.662.605</u>	<u>37.409.596</u>



Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

	2015	2014
Laun	17.524.620	20.257.714
Launatengd gjöld	3.124.280	3.599.377
	<u>20.648.900</u>	<u>23.857.091</u>

6. Annar kostnaður

	2015	2014
Aðrir styrkir	0	148.638
Rekstur skrifstofu	721.414	449.052
Annar kostnaður	1.081.946	1.846.436
	<u>1.803.360</u>	<u>2.444.126</u>

7. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tap ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	(1.053.275)	1.093.427	40.152
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	1.093.427	(1.093.427)	0
Afkoma ársins		3.235.299	3.235.299
Eigið fé 31/12	<u>40.152</u>	<u>3.235.299</u>	<u>3.275.451</u>